



SOS BARNAPÖRPIN

Öll börn vilja gott heimili

Jón gaf SOS
10 milljónir

Íslendingar
heimsóttu
styrktarbörn sín

Rúrik nýr
sendiherra
SOS

ÓLST UPP Í
SOS BARNAPÖRPI
EN BÝR Á ÍSLANDI



VISSIR ÞÚ?



Um 27 þúsund Íslendingar styrkja SOS Barnaporpin



Mánaðarleg framlög Íslendinga til SOS Barnaporpanna eru 10816 talsins.



16500 Íslendingar styrkja SOS Barnaporpin með frjálsum framlögum eins og greiðslu á valkröfum eða með stökum peningagjöfum.



650 Íslendingar eru SOS barnaporpsvinir og styrkja eitt barnaporp með mánaðarlegu framlagi sem nemur 3,400 krónum.



8820 Íslendingar eru SOS styrktarforeldrar og greiða mánaðarlega 3,900 krónur sem fara í framfærslu eins ákveðins barns í SOS barnaporpi.



1347 Íslendingar eru SOS fjölskylduvinir og greiða mánaðarlega upphæð að eigin vali. Þessi framlög fara í fjölskylduefningarverkefni en SOS á Íslandi fjármagnar tvö slík verkefni, annað í Tulu Moye í Eþíópíu og hitt í Callao, úthverfi Líma, höfuðborgar Perú. Fjölskylduefningarverkefni SOS ganga út á að hjálpa sárafátækum barnafjölskyldum í nágrenni SOS barnaporpa til sjálfshjálpar svo þær geti mætt grunnþörfum barnanna.

1.000 KRÓNUR VERÐA AÐ 14.000 KRÓNUM

Hverjar þúsund krónur sem almenningur leggur til SOS Barnaporpanna skila að jafnaði um 14 þúsund krónum til baka til samfélagsins. Þetta er niðurstaða rannsóknar hins virta ráðgjafafyrirtækis, Boston Consulting Group, og undirstrikar hún þann gríðarlega fjárhagslega ávinning sem hlýst af styrkjum til samtakanna.

Þúsundkallinn verður að 66 þúsund krónum

Þá er mjög ánægjulegt að sjá hversu jákvæð áhrif Fjölskylduefningin hefur. Hóflega er áætlað að hvert þúsund króna framlag SOS-fjölskylduvina skili 66 þúsund krónum út í samfélagið. Það skýrist af auknum tekjum foreldranna eða umsjónarfólks barnanna. Sýnt er að ungt fólk sem útskrifast úr verkefnum SOS Barnaporpanna hefur öðlast meira sjálfstæði, menntun, einbeitingu, áhuga og framkvæmdagleði sem lyftir samfélaginu upp á annað plan, félagslega og fjárhagslega. Þitt framlag er því fjárfesting í samfélagi framtíðarinnar.

Útgefandi: SOS Barnaporpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Hans Steinar Bjarnason
Heimilisfang: SOS Barnaporpin Hamraborg 1 200 Kópavogi
564 2910 / sos@sos.is / www.sos.is

Umbrot: FÆRID - www.faerid.com
Prentun: Oddi
Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: Valgarður Gíslason

Frá framkvæmdastjóra:

AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ ÞESSU?

Af hverju eru SOS Barnaþorpin til? Af hverju erum við að leggja á okkur mikla vinnu, á köflum nokkuð erfiða, fyrir börn sem eru ekki einu sinni tengd okkur?

Af hverju ákveður ung kona að gerast SOS móðir og ganga sér óskyldum börnum í móðurstað? Af hverju vill hún sinna þeim í veikindum, takast á við áfallastreituröskun þeirra og glíma við erfiðleika unglingsáranna?



EINFALDLEGA VEGNA ÞESS AÐ...

Það er sannfæring okkar allra að ÖLL BÖRN Í HEIMI þurfi á fjölskyldu að halda og eigi að búa við umhyggju og hlýju. Líka þau sem eru munaðarlaus.

Og við viljum að ÖLL BÖRN Í HEIMI búi við umhyggju og hlýju.

Þess vegna leggjum við á okkur vinnu og gefum af fjármunum okkar.

Þess vegna erum við að þessu og þess vegna höldum við áfram.

Takk fyrir að hafa trú á börnunum, framtíð þeirra og starfsemi SOS Barnaþorpanna.

Saman náum við árangri fyrir börnin!

Og af hverju hafa um 25.000 Íslendingar valið að gefa af fjármunum sínum til SOS Barnaþorpanna á árinu? Af hverju notuðu þeir ekki peningana í eitthvað allt annað?

EN LÍKA VEGNA ÞESS AÐ...

Við vitum að þetta virkar. Við vitum að hjálpin ber árangur. Þúsundir einstaklinga lifa nú góðu lífi á fullorðinsaldri vegna þess að þeir fengu hjálp hjá SOS.

Við þökkum stuðninginn og óskum þér og þínum farsældar á nýju ári!

Ragnar Schram
Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpana á Íslandi



119 ÞÚS. SÖFNUÐUST Á HAGYRÐINGAKVÖLDI

119 þúsund krónur söfnuðust á hagrýðingakvöldi SOS Barnaþorpanna sem haldið var í Fákshéimilinu í Víðidal 8. nóvember. Efnt var í fyrsta sinn til þessa fjáröflunarviðburðar sem gekk vonum framur og til stendur að endurtaka leikinn á næsta ári. Hagryðingakvöld eru algeng og vel sótt á landsbyggðinni en fágætari á höfuðborgarsvæðinu. Þessu tóku fjölmargir fagnandi og var ógleymanleg stemning í Fákshéimilinu þetta kvöld.

Við þökkum kærlega fyrir okkur, þeim fjölmörgu áhorfendum sem mættu og þeim hagrýðingum sem fram komu og fóru á kostum. Þau voru Kristján Hreinsson, Sigurlín Hermannsdóttir, Sigurlína Davíðsdóttir, Ómar Ragnarsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson en sá síðastnefndi var jafnframt stjórnandi og kynni.

Vel féll í kramið hjá áhorfendum að geta keypt vísur af hagrýðingunum og rann allur ágóði af því og aðgangseyri til styrktar SOS Barnaþorpunum. Þrjú fyrirtæki styrktu okkur með veitingum sem innifaldar voru í aðgangseyrinum. Flatkötur

voru frá Kökugerð HP á Selfossi, hangikjöt frá SS og kleinur frá Myllunni og kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

*Margur verður úti á heimsins hjarni
er hlaupum við um í leit að drasli og skarni
það er þarf laust að spyrja,
ekkert þras, nú má byrja
og í SOS get ég bjargað einu barni.*
(Sigurlína Davíðsdóttir)

*Um öryggi láta jú allir sig dreyma,
að eiga sinn stað sem er kallaður 'heima'
en vond er oft veröld og grá.
Er börn úti í heimi á hrakhólum lenda
þá heimili byðst þeim, þú pening mátt senda
þau styrk bæði og stuðninginn fá.*
(Sigurlín Hermannsdóttir)



ÓLST UPP Í SOS BARNÆRPI EN BÝR Á ÍSLANDI

„Ég þurfti ekki annað en að horfa á pabba til að sjá að hann var að deyja úr samviskubiti. Honum leið illa og fannst hann ekki eiga skilið að hitta okkur“

Mari Järsk var 17 ára og bjó á ungmennaheimili í SOS Barnærpum í Eistlandi þegar hún fékk heimsóknarboð frá styrktarforeldri sínu á Íslandi. Til stóð að Mari dveldi hér á landi í hálf t ár en nú eru árin orðin þrettán og vill hún hvergi annarsstaðar búa.

„Dóttir hans [styrktarforeldrisins] hafði greinst með MS-sjúkdóminn og hann stakk upp á því að fá mig hingað til að hjálpa henni.“ segir Mari sem fór að vinna á leikskóla í Hafnarfirði þar sem dóttir mannsins var leikskólustjóri. Mari fór svo í Flensborgarskóla og útskrifaðist þaðan. „Þá fór ég að eignast vini og lífið á Íslandi byrjaði þá,“ segir þessi glaðlynda og harðduglega stúlka sem getur engan veginn setið auðum höndum og vinnur hér þrjú til fjögur störf.

Talar reiprennandi íslensku

Ekkert SOS barnærp er á Íslandi svo okkur þótti það tíðindum sæta þegar við komumst að því að hér á landi býr ung kona sem ólst upp í barnærpum. Mari tók vel í að veita SOS viðtal því hún segist eiga samtökunum mikið að þakka. Hún geislar af lífsgleði og talar reiprennandi íslensku.

Tekin 7 ára af foreldrum sínum

Mari var sjö ára þegar hún var tekin af foreldrum sínum árið 1995 ásamt sex systkinum sínum sem voru á aldrinum eins til fimmtán ára. Þeim var öllum komið fyrir saman í SOS barnærpum í Keila sem þá var nýopnað.

„Foreldrar mínir voru alkóhólistar og einhvern veginn fréttist að það voru sjö börn uppi í sveit sem enginn var að hugsa um. Við höldum til hér og þar en allt í einu vorum við farin að búa saman. Systkini mín voru ýmist á barnaheimilum eða heimavistarskóla en ég hjá ömmu og afa. Við þekktumst en vorum ekki nán fyrir.“

„Gribban sem stal okkur frá foreldrunum“

Mari segir að hún hafi á þessum tíma ekki gert sér grein fyrir því að það væri þeim systkinum fyrir bestu að fara í barnærpum. „Ég hef sjaldan talað við systkini mín um hvernig mér leið. Ég var alger sveitastelpa og vildi bara vera áfram úti í sveit hjá ömmu og afa. Ég hafði engan áhuga á að það kæmi einhver gribba að stela okkur þannig að ég var lengi mjög ósátt.“ segir Mari og á þar við

SOS móður sína en þeim kom ekki vel saman meðan Mari bjó í þorpum.

„Hún virkaði á mig ströng og köld. Allan tímann er eins og ég hafi verið öskrandi inni í mér. Ég hafði fengið að leika lausum hala fram að þessu en allt í einu þurfti ég að fara í skóla og lifa eftir reglum.“ Mari segir að það hafi aldrei myndast dæmigert mæðgnasamband milli hennar og SOS mömmunnar eins og svo algengt er í SOS barnærpum víða um heim.

„Það gerðist aldrei. Við urðum aldrei vinkonur. Það myndna við þetta er að ég varð svo lík henni. Ég er mjög áhrifagjörn. Ég varð svona ströng sjálf og hefði þess vegna geta spjarað mig vel í hernum. Ég var farin að tala við systkini mín eins og ég væri mamma þeirra og SOS mamma mín þoldi það ekki. Við urðum samt vinkonur eftir að ég flutti til Íslands og það var komin fjarlægð á milli okkar. Þá fórum við að bera virðingu hvor fyrir annari.“

Sum börn náðu að jafna sig en önnur ekki

Um 80 börn bjuggu í þorpum þegar Mari dvaldi þar og kom henni vel saman við þau flest. Hún eignaðist sína bestu vinkonu á fyrsta deginum í þorpum. „Við kynntumst strax í rútunni á leiðinni í þorpið. Hún kom sama dag og ég og líka frá sömu eyjunni og ég hafði verið á. Við urðum bestu vinkonur eins og mæður okkar voru fyrir. En það voru auðvitað alls konar börn þarna. Sumum varð ég nán en öðrum vildi ég ekki heilsa.“

Mari segir að mjög mörg börn í þorpum hafi komið úr svo erfiðum aðstæðum að þau bíði þess aldrei bæturs. Þau séu þó í góðum höndum í SOS barnærpum. „Já klárlega því það gefur þeim alla vega tækifæri í lífinu að vera í barnærpum. Sumir sem áttu mjög erfitt náðu að jafna sig en aðrir ekki.“

Erfiðast fyrir eldri bróður Mari

Elsta systkinið, bróðir Mari, var 15 ára þegar þau voru vistuð í barnaþorpinu og getur það verið viðkvæmur aldur fyrir svona umskipti. „Hann yfirgaf þorpið seinna og endaði í einhverju rugli. Hann átti allt öðruvísi æsku en ég og bjó á götunni. Þetta reyndist honum erfitt.“ Og ekki leið á löngu þar til hann var kominn í unglingafangelsi. „Hann er bara að ströggla með neysluna sína en öllum hinum systkinum mínum gengur ótrúlega vel í lífinu í dag. Ég tala reglulega við þau og þau eru öll að eignast börn og koma sér fyrir í lífinu.“

Pabbi var að deyja úr samviskubiti

Báðir kynforeldrar Mari eru nú látnir. Faðir hennar lést sumarið 2014 en móðir hennar árið 2007. SOS móðirin lagði mikla áherslu á að þau systkinin héldu sambandi við kynforeldra sína og annað slagið komu þau að hitta börnin sín í þorpinu. „SOS mamma útskýrði það mjög snemma fyrir okkur að foreldrar okkar hefðu ekki látið okkur frá sér af neinni illsku. Þau væru bara veik. Við hittum þau mjög sjaldan, með nokkurra ára millibili, því þau voru bara í sínu ástandi. Þau urðu okkur aldrei tengd.“

Mari segir að pabbi sinn hafi verið þjakaður af samviskubiti vegna barnanna sinna. „Þetta er rosalega magnað. Ég þurfti ekki annað en að horfa á hann til að sjá að hann var að deyja úr samviskubiti. Honum leið illa og fannst hann ekki eiga skilið að hitta okkur. Hins vegar fannst mér alltaf eins og mömmu hafi verið skítsama en ég held að hún hafi verið í afneitun. Ég held að henni hafi ekkert verið sama. Hún þurfti að lifa með þessar tilfinningar allt sitt líf að hafa látið sjö börn frá sér sem hún fæddi sjálf.“

Kom til Íslands að vinna á leikskóla

Styrktarforeldri Mari á Íslandi heimsótti barnaþorpið oftast en einu sinni og skrifaðist á við bæði Mari og SOS móður hennar. Hann bauð Mari hingað til lands árið 2005 og fór eldri bróðir hennar með henni. Hann starfaði hér í hálf ár en fór svo aftur til Eistlands. Mari varð áfram og fór að vinna á leikskóla í Hafnarfirði þar sem dóttir styrktarforeldrisins var leikskólustjóri og bjó Mari einnig heima hjá henni.

Ranghugmyndir um SOS Barnaþorpin

Mari segir að margir hér hafi ranghugmyndir um börn sem alast



Mari ásamt kynföður sínum



Mari og SOS móðir hennar eru góðar vinkonur í dag

upp í SOS barnaþorpum. Þær lýsa sér t.d. þannig að margir telji það „hræðilegt“ og sjái sig knúna til að votta henni samúð með að hafa alist þannig upp. Það segir hún vera algeran óþarfa. „Maður eignast gott líf með því að fara í SOS barnaþorp. Þá fær maður raunverulega tækifæri á að gera eitthvað við líf sitt.“

Lærði íslensku af börnunum

Mari segir að hún hafi verið fljót að læra íslensku og það hafi aldrei verið vandamál. „Maður lærir svo hratt af börnunum á leikskólanum. Konan sem ég bjó hjá, leikskólustjórinn, bannaði öllum að tala ensku við mig. Ég man ekki eftir að hafa átt í vandræðum með íslenskuna.“

Björgvin Halldórs, Friðrik Ómar og lambakjöt

Hún er núna að safna sér fyrir íbúð og er í þremur til fjórum störfum. Hún hefur tekið ástfóstri við íslenska tónlist og íslenskan mat. „Ég hef elskað íslenska tónlist frá því að ég kom hingað. Upphaldstónlistarmennirnir mínir eru Björgvin Halldórsson og Friðrik Ómar Hjörleifsson. Svo er íslenskt lambakjöt best í heimi. Ég borðaði ekki lambakjöt áður en ég kom til Íslands. Það var bara vont úti í Eistlandi.“

Ég elska Ísland

Mari varð 31 árs í lok nóvember og hún er farin að skipuleggja framtíðina hér á Íslandi. „Ég bara held áfram að safna fyrir útborgun í íbúð. Svo væri ekki leiðinlegt að fara að búa til fjölskyldu og eignast sín eigin börn þótt það hafi oft virst fjarlægur draumur. Framtíðin er á Íslandi. Ég elska Ísland.“ segir Mari að lokum, brosandi út að eyrum og klórar hundinum sínum, henni Orku, sem ber svo sannarlega nafn með rentu.



Systkinin höfðu ekki búið saman fyrr en þau voru öll komin í barnaþorpið



JÓN GAF SOS 10 MILLJÓNIR KRÓNA

„Ég hef í rauninni ekkert við þessa peninga að gera.“

Hér hjá SOS Barnaþorpunum erum við reglulega minnt á þá miklu hjartahlýju og góðmennsku sem manneskjan getur búið yfir. Við eigum í samskiptum við fjölda styrktaraðila sem allir eiga það sameiginlegt að vilja hjálpa umkomulausum börnum og veita þeim sömu tækifæri í lífinu og öðrum.

Akureyringurinn Jón Pétursson hefur um árabil látið sig varða málefni barna og frá árinu 1991 hefur hann verið SOS styrktarforeldri alls átta barna í Brasilíu. Jón var sjómaður og skipstjóri í 40 ár. Nú er hann 84 ára og flutti nýlega inn á dvalarheimili eftir að hafa selt íbúðina sína. Hann greiddi upp eftirstöðvar húsnæðislánsins, bjó svo þannig um hnútana að hann ætti nóg fyrir sjálfan sig í ellinni og gaf svo SOS Barnaþorpunum á Íslandi 10 milljónir króna.

Ég á nóg eftir fyrir jarðarförinni

„Ég hef í rauninni ekkert við þessa peninga að gera. Ég er ekki að fara að kaupa mér neitt. Þó ég hafi gefið þarna 10 milljónir þá á ég nóg eftir fyrir jarðarförinni.

Gamla fólkíð hafði alltaf áhyggjur af því í gamla daga. Ég er í góðum lífeyrissjóði og mig mun ekkert vanhaga,“ segir Jón sem á engu afkomendur sjálfur en fjölmörg systkinabörn.

„Systkini mín eiga svo mörg börn að það er alveg nóg fyrir mig. Þau hafa það öll mjög gott svo ég þarf ekkert að hugsa um þau.“ Sjálfur var Jón giftur í 33 ár. „Við skildum fyrir mjög mörgum árum og ég hef aldrei verið í neinu kvenmannsstandi síðan.“

Nýkominn í land og sá auglýsingu frá SOS

Jón sótti fyrst um að styrkja tvö börn í SOS barnaþorpinu Santa Maria í Suður-Brasilíu árið 1991. „Ég var nýkominn í land og sá auglýsingu frá SOS Barnaþorpunum. Ég gerðist strax styrktarforeldri og hef verið það síðan.“ Hann var í reglulegu bréfasambandi við SOS móður barnanna og sendi þeim oft gjafir. Eftir að Jón fór á eftirlaun um aldamótin ákvað hann að heimsækja börnin til Brasilíu þangað sem hann fór alls fjórum sinnum.

Hann heimsótti alls þrjú þorp, þar af þorpið í Santa Maria tvisvar.

„Það var mjög gaman og yndislegt að koma í barnaþorpin. Það er alveg einstaklega vel hugsað um börnin. Fyrsta ferðin var vikulöng með leiguflugi frá Íslandi en í hin skiptin dvaldi ég allt upp í einn og hálfan mánuð. Ég ferðaðist upp og niður Brasilíu, meðal annars lengst inn í Amazonfrumskóginn.“



Lærði portúgölsku

Jón var meðal annars staddur í barnaþorpinu

í Santa Maria á afmælisdegi sínum og sungu börnin þá afmælissönginn fyrir hann. Hann átti einnig fleiri ánægjulegar stundir þar. „Ég var viðstaddur skólaútskrift og ég borðaði með börnunum. Það var mjög gaman og ánægjulegt. Ég fór á tungumálanámskeið í portúgölsku til að geta talað eitthvað við börnin. Það tala fáir ensku þarna og ég notaðist við orðabók þegar mig vantaði orð og ég gat bjargað mér þannig. Börnin kunnu líka smá í ensku og svo kynntist ég konu sem var enskukennari þarna og hún hjálpaði mér mikið. Hún heitir Lisanna og ég hef alltaf verið í sambandi við hana.“

Hvort „styrktarbarn“ fær tvær milljónir króna

Börnin sem Jón styrkti fyrst eru systkini sem nú eru uppkomin, fædd 1986 og 1989. Af 10 milljóna króna framlagi Jóns fær hvort þessara fyrrverandi styrktarbarna hans tvær milljónir króna. Afgangurinn af styrknum fer til barnaþorps þeirra í Santa Maria og hins vegar til SOS á Íslandi. Þess utan greiðir Jón mánaðarlega styrki en hann er þó ekki lengur styrktarforeldri neins ákveðins barns.

„Ég hef bara fylgst með þessum börnum og þeim hefur vegnað nokkuð vel held ég. Atvinnumálin í Brasilíu eru óörugg. Það eru tveir fletir á landinu; þarna er mjög ríkt fólk og svo er mjög mikið um fátækt.“

Þetta er svo gefandi

Jón segir að það sé alltaf jafn gefandi að styrkja SOS Barnaþorpin. „Það er svo gefandi að veita börnunum möguleika á að komast áfram í lífinu. Það sá ég þarna í Santa Maria. Þarna voru börn komin langt í námi þó þetta hafi verið misjafnt eftir börnum eins og gengur og gerist. Þau eru líka látin taka virkan þátt í húsverkunum, fá svolitla ábyrgð og annað sem býr þau undir fullorðinsárin.“

Ég hef ekki yfir neinu að kvarta

Jón unir sér vel á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. „Ég nýt lífsins hér. Það er mjög gott að vera hérna og virkilega vel hugsað um mig á allan hátt.“ Heilsuna segir hann ekki mikið

meira en „sæmilega“ en ber sig engu að síður mjög vel. „En ég hef það bara mjög fínt. Ég hef ekki yfir neinu að kvarta.“ segir þessi geðþekki maður sem vill senda Íslendingum eftirfarandi skilaboð.

„Við höfum það svo gott á Íslandi að okkur munar ekkert um að styrkja þessi börn. Ég hvet Íslendinga til að styrkja SOS Barnaþorpin. Það þarf ekki að vera mikið. Þetta er svo gefandi.“



*Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt,
haltu áfram að gefa von*



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Fjöldi umkomlausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna.

Hafðu samband við okkur til að fá sendan bæklinginn „Eftir þinn dag“ eða til að fá frekari upplýsingar um erfðagjafir til samtakanna. Sími 564 2910. Netfang sos@sos.is.

8820 ÍSLENSKIR STYRKARFORELDRAR

8820 Íslendingar eru styrktarforeldrar barna í SOS barnahöfudum í 104 löndum víðsvegar um heiminn. Þeir greiða mánaðarlega 3,900 krónur sem fara í framfærslu eins barns. Sú upphæð nýtist í að mæta grunnþörfum barnsins, fæði, klæði, menntun, heilsugæslu og fleira. Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna árið 2018 eru fátæktarmörk um 250 krónur á dag en það er sú upphæð sem dugar rétt svo fyrir allra nauðsynlegustu þörfum manneskjunnar. Dagleg upphæð sem styrktarforeldrar greiða nemur um 130 krónum og það segir sig því sjálft að hverju barni dugar ekki að eiga bara eitt styrktarforeldri. Hvert barn í SOS barnahöfudum á að meðaltali um 5 styrktarforeldra en þeir geta orðið allt að 12 talsins á hvert barn. Styrktarforeldrar fá reglulegar fréttir af sínu styrktarbarni og er heimilt að heimsækja það og senda gjafir.

650 Íslendingar eru SOS barnahöfudsvinir og styrkja barnahöfud í alls 83 löndum með mánaðarlegu framlagi sem nemur 3,400 krónum. Framlagið fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur höfudins svo tryggja megi öryggi og velferð barnanna sem þar búa. Barnahöfudsvinir fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnahöfudinu með upplýsingum um helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað. Langflestir styrkja höfud í Sýrlandi og skýrist það af erfiðum aðstæðum sem þar komu upp í stríðinu sem hrjád hefur landið undanfarin ár.



	Styrktarforeldrar	Barna-höfudsvinir		Styrktarforeldrar	Barna-höfudsvinir	Styrktarforeldrar	Barna-höfudsvinir	
1. Indland	854	34	20. Sýrland	128	289	39. Mósambík	75	2
2. Sambía	299	29	21. Búrúndí	126	0	40. Laos	73	1
3. Kongó	273	1	22. Líbería	124	3	41. Ungverjaland	69	1
4. Nepal	267	11	23. Bangladess	124	1	42. Súdan	66	1
5. Kenía	229	5	24. Gambía	117	1	43. Kosta Ríka	64	1
6. Bólvía	220	7	25. Srí Lanka	108	1	44. Rússland	63	2
7. Eþíópía	215	4	26. Bosnía og Hersegóvína	99	5	45. Kirgistan	63	2
8. Malí	204	2	27. Perú	97	11	46. Mexíkó	61	1
9. Tansanía	190	9	28. Víetnam	95	3	47. Miðbaugs-Gínea	61	1
10. Úganda	183	0	29. Haítí	94	10	48. El Salvador	61	1
11. Gana	170	0	30. Kína	93	4	49. Gvatemala	60	4
12. Senegal	164	3	31. Sómalíland	91	2	50. Benín	60	10
13. Fílabeinsströndin	164	2	32. Búrúndí	89	3	51. Tógó	59	0
14. Simbabve	152	6	33. Sómalía	85	5	52. Paragvæ	58	3
15. Gínea-Bissáú	151	6	34. Botsvana	83	18	53. Palestína	58	4
16. Nígíría	148	4	35. Armenía	83	2	54. Gínea	58	0
17. Malaví	146	1	36. Taíland	82	0	55. Jórdanía	56	0
18. Filippseyjar	142	9	37. Indónesía	79	2	56. Chile	56	4
19. Kambódía	129	1	38. Hvíta Rússland	79	2	57. Síerra Leóne	55	0



	Styrktarforeldrar	Barnaþorpssvinir		Styrktarforeldrar	Barnaþorpssvinir		Styrktarforeldrar	Barnaþorpssvinir
58. Angóla	55	1	77. Jamaíka	34	0	96. Litháen	15	4
59. Níkaragva	54	0	78. Grænhöfðaejjar	34	3	97. Eistland	15	8
60. Rúanda	52	20	79. Kasakstan	33	0	98. Aserbaísjan	14	2
61. Djibútí	52	0	80. Túnis	32	0	99. Grikkland	12	1
62. Úsbekistan	51	0	81. Svasiland	31	0	100. Brasilía	10	4
63. Hondúras	51	4	82. Chad	30	0	101. Búlgaría	9	1
64. Makedónía	50	0	83. Kamerún	30	0	102. Mongólía	7	2
65. Rúmenía	49	2	84. Úrúgvæ	27	1	103. Kósóvó	6	1
66. Venesúela	47	9	85. Lesótó	27	0	104. Pólland	2	2
67. Ekvador	46	3	86. Lettland	27	0	105. Tékkland	0	1
68. Líbanon	43	0	87. Níger	26	0	106. Alsír	0	3
69. Georgía	43	4	88. Panama	25	5	107. Madagaskar	0	2
70. Albanía	43	3	89. Úkraína	24	1			
71. Mið-Afríka	42	2	90. Namibía	24	2	SAMTALS:	8820	650
72. Marokkó	41	1	91. Kólumbía	24	5			
73. Serbía	39	1	92. Suður Súdan	22	1			
74. Dóminíkanska lýðveldið	36	2	93. Argentína	22	2			
75. Suður Afríka	35	1	94. Ísrael	21	0			
76. Króatía	35	12	95. Kýpur	21	0			



Íslendingar fjármögnuðu endurbyggingu skóla í Sýrlandi

Nokkrir Íslendingar litu stoltum augum til Aleppó í Sýrlandi í haust þegar þar var opnaður á ný grunnskóli eftir endurbætur. Al Thawra-skólinn sem eyðilagðist í Sýrlandsstríðinu var endurbyggður fyrir fjármagn frá SOS Barnaþorpinum á Íslandi með dyggum stuðningi einstaklinga hér á landi sem lögðu verkefninu lið með frjálsum framlögum. Endurbæturnar kostuðu 12 milljónir króna.

Gáfu eina milljón og hálfa milljón

Meðal þeirra sem studdu við verkefnið var ónefndur einstaklingur sem gaf eina milljón króna. Auk þess kom framlag upp á hálfa milljón króna úr minningarsjóði Sigurðar Jónssonar sem lést árið 2015, aðeins 43 ára að aldri. Sigurði þótti afar vænt um börn, sérstaklega þau sem áttu erfitt uppdráttar og því vildu aðstandendur hans leggja þessu verkefni lið.

Yfir 500 börn sneru aftur til náms

Barna fjölskyldur eru fluttar aftur í Alsukkari hverfið eftir langan tíma á flótta í því hörmungarástandi sem þar hefur verið. Yfir 500 börn sneru aftur til náms í skólanum sem er öllum börnum opin, burtséð frá uppruna þeirra, trú eða afstöðu foreldra í stríðinu. Talið er að um helmingur barna á aldrinum 5-18 ára í austurhluta Aleppó hafi ekki stundað skólagöngu meðan ástandið í borginni var sem verst.

Margir skólar hafa verið notaðir sem fangelsi eða skýli og sumir eru hreinlega orðnir að rústum. Ástandið er orðið stöðugra á

sumum svæðum í Sýrlandi og yfirvöld vilja byggja samfélagið upp á ný.

Kærar þakkir

SOS Barnaþorpin, bæði á Íslandi og í Sýrlandi, vilja koma á framfæri kærum þökkum til allra styrktaraðila fyrir framlögin. Þau gerðu börnunum kleift að hefja nám að nýju.



Hákon hefur styrkt SOS Barnaþorpin

„Veitir mér gleði og ánægju“

Hákon Þór Sindrason hefur styrkt SOS Barnaþorp í mörg ár í nafni fyrirtækis síns Netið ráðgjöf. Hákon Þór hefur ferðast víða um heim og heimsótt fjögur SOS barnaþorp. Slíkar heimsóknir eru afar áhrifaríkar og við fengum Hákon því til að lýsa sinni upplifun.

Þetta góða starf sem er unnið hjá SOS Barnaþorpinum styrkti ég áður í nafni Visitorsguide ferðabókanna sem Netið gaf út í



Hákon Þór Sindrason. Ferðasögur Hákons frá sumum þessara landa er hægt að sjá á www.visitorsguidetravel.com

16 ár eða til 2016. Í bókinni sögðum við frá styrkjum okkar og einnig því hve stórt hlutfall Íslendinga styður slíkt góðgerðastarf. Síðustu ár höfum við einnig styrkt SOS í nafni Veitingastadir.is, vefsíðunnar sem við starfrækjum.

Ferðalög til framandi landa er aðal áhugamál mitt, einkum utan háannar í svartasta skammdeginu hérlendis. Í þeim tilgangi hef ég heimsótt fjárlægar slóðir eins og Suður og Mið-Ameríku, Mið Austurlönd, Suð-Austur Asíu og fleira. Í nokkrum tilfella hef ég fyrir ferðirnar haft samband við Ragnar framkvæmdastjóra hjá SOS til að verða mér innan handar við að heimsækja þorp á þessum slóðum. Þannig hef ég heimsótt þorp í Búkarest Rúmeníu 2018, í Mexíkóborg 2017, Jórdaníu 2012 og Kambodíu árið 2011.

Ekkert bruðl

Það hefur verið gott og gaman að sjá hið góða atlæti sem börnin eru að fá í þessum þorpum og hjá fjölskyldu sinni, og að sjá að þau hafa allt til alls án nokkurs bruðls eða íburðar. Peningum er greinilega vel varið hjá SOS og fyrir litlar upphæðir hérlendis frá er hægt að gera stóra hluti þarna. Börnin virðast almennt vera



Þrjú af fjórum sendiherrum SOS Barnaþorpanna á Íslandi hittust í tilefni af undirskrift Rúriks en Viborg Arna var stödd erlendis og gat því ekki mætt. Hera hefur verið sendiherra frá árinu 2009, Vilborg Arna gekk til liðs við okkur árið 2013 og Eliza árið 2016.

Rúrik nýr sendiherra SOS á Íslandi

Rúrik Gíslason landsliðsmaður í fótbolta er nýr velgjörðarsendiherra SOS Barnaþorpanna á Íslandi og skrifaði hann undir samning þess efnis í september. Rúrik er þrítugur og á að baki 52 A-landsleiki fyrir Ísland. Hann slæst í hóp með fríðu föruneyti þriggja annarra velgjörðarsendiherra SOS á Íslandi en fyrir í því teymi eru forsetafrúin Eliza Reid, söngkonan og fasteignasalinn Hera Björk Þórhallsdóttir og ævintýrakonan Vilborg Arna Gissurardóttir.

„Ég hlakka til að taka þátt í þessu frábæra starfi hjá SOS Barnaþorpunum og vekja athygli á samtökunum. Það er mér mikill heiður vera kominn í þetta samstarf.“ segir Rúrik.

Í lok nóvember heimsótti Rúrik SOS barnaþorpið í Pfalz í Eisenberg í Þýskalandi og vakti heimsókn hans stormandi lukku.

mjög sátt við líf sitt og fá góða menntun og eru hluti af fjölskyldu með góða móður og sterkt félagslegt net. Þorpin og híbýlin eru almennt snyrtileg og fín með hefðbundnum leiksvæðum og slíku. Eðlilega er íburður minni eftir því sem fjær dregur hinum vestræna heimi en ánægja barnanna virðist síður en svo minni svo sem í Kambodíu.

Börnin forvitin um gesti frá framandi löndum

Börnin sem ég spjallaði við eru kurteis og forvitin varðandi gesti frá svona framandi landi. Það er gaman að koma færandi hendi til þeirra og er sælgæti kannski vinsælast. Manni sýnist þau almennt hafa metnað og áhuga fyrir námi sínu og hafa gaman að því að spjalla. Ég spyr þau gjarnan hvað þau langi að verða þegar þau eru orðin stór. Þau eru yfirleitt með það nokkuð mikið á hreinu og jafnvel frekar en börn hérlendis. Á sumum stöðum eins og í Búkarest í síðustu ferð var líka athyglisvert að sjá að þorpið og starfsemi SOS veita stuðning í ýmsu formi við fátækar barnafjölskyldur á svæðinu.

Það hefur veitt mér gleði og ánægju á löngum ferðalögum á framandi slóðir að hafa getað fyrir tilstilli SOS á Íslandi, heimsótt þessi þorp, börnin og metnarfullt starfsfólk þeirra.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, leit óvænt við og heiðraði okkur með nærveru sinni eftir undirskrift Rúriks á Hótel Hilton, Suðurlandsbraut.

Rúrik kom færandi hendi með nokkra kassa af íþróttafatnaði sem dreift var til fjölskyldnanna á jólaskemmtun í þorpinu 6. desember.

„Þetta var meiriháttar heimsókn. Gaman að kynnast þessu starfi enn betur. Krakkarnir og starfsfólkið tóku vel á móti mér og sögðu mér frá því hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í þorpinu. Krakkarnir tóku svo vikingaklapp fyrir mig og spurðu mig út í mitt líf.“ segir Rúrik.

Framkvæmdastýra þorpsins segir að allir í þorpinu dýrki Rúrik eftir heimsóknina. „Við elskum hann og vorum mjög spennt yfir komu hans. Þetta var frábær stund fyrir okkur og hann kom með svo mikið af íþróttafötum.“



HVAÐ ER SOS FJÖLSKYLDUVINUR?

Yfir hálf milljón skjólstæðinga

Fjölskylduefling (FSP - Family Strengthening Project) er verkefni sem landssamtök SOS Barnaþorpanna eru með í gangi víða um heim. Fjölskylduvinir fjármagna Fjölskyldueflingu SOS. Hún gengur út á að sárafátækar barnafjölskyldur í nágrenni SOS barnaþorpa fá aðstoð til sjálfshjálpar svo þær getið séð fyrir börnum sínum og mætt grunnþörfum þeirra.

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna tvö slík verkefni, í Eþíópíu og í Perú. Í verkefninu í Tulu-Moye í Eþíópíu hjálpum við 567 fjölskyldum sem í eru 1609 börn. Í Perú eru fjölskyldur um eitt þúsund barna og ungmenna sem nýta sér aðstoð Fjölskyldueflingar okkar.

1347 Íslendingar eru SOS fjölskylduvinir og greiða þeir mánaðarlega upphæð að eigin vali. Skjólstæðingar Fjölskyldueflingar SOS Barnaþorpanna á heimsvísu eru alls 505,800 talsins í yfir 98 þúsund fjölskyldum. Samtals eru þetta 574 Fjölskyldueflingarverkefni sem eru sérsniðin að aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.

Vatnshreinsitæki afhent

Allar fjölskyldurnar í verkefninu í Tulu-Moye fengu á dögunum afhent sólarorkuknúið vatnshreinsitæki sem metur hvenær vatn er orðið drykkjarhæft.

567 sjálfbóðaliðar fengu þjálfun til að kenna fjölskyldunum á vatnshreinstækið. Það nemur styrk UV sólargeislanna sem drepa sýkla og örverur og er þannig búið að á því getur bæði birst broskarl og fýlukarl. Ef plastflaska full af vatni er látin standa úti í sólinni og tækið við hliðina á, gefur broskarlinn til kynna að vatnið sé orðið drykkjarhæft. Svo lengi sem fýlukarlinn er á tækinu, er vatnið enn ódrykkjarhæft. Með þessu móti er hægt að sporna við sjúkdómum sem orsakast vegna skítugs drykkjarvatns.



Sjálfbóðaliðarnir fengu þjálfun í að kenna fólki á vatnshreinsitækin



VERTU

SOS-FJÖLSKYLDUVINUR

með mánaðarlegu framlagi að eigin vali

SOS-fjölskylduvinir

**styðja barnafjölskyldur í
sárafátækt**

www.sos.is / S. 564 2910

Veitir líka öryggiskennd

Gishu Tumsa, 35 ára einstæð móðir þriggja barna, er einn af skjólstæðingum verkefnisins sem hefur fengið vatnshreinsitækið. Hún hlaut kennslu í notkun á tækinu sem hún segir hafa gjörbreytt öllu. „Það veitir mér mikla öryggiskennd að vita núna að við erum að drekka ómengað vatn. Það var líka vitundarvakning fólgin í kennslunni því nú sýni ég meiri varkárni með val á ílátum undir vatnið.“

Utánríkisráðuneyti Íslands styrkti Fjölskylduefninguna í Tulu-Moye um 67,6 milljónir króna. Verkefnið hófst 1. janúar 2018 og stendur yfir til 31. desember 2021.



Gishu fær kennslu í notkun vatnshreinsitækisins

FÉKK LOKSINS AÐ LÆRA

Heimilisofbeldi var daglegt brauð á heimili Francis og þrátt fyrir að vera táníngur þurfti hún að vinna til að framfleyta fjölskyldu sinni. Verandi elsta dóttirin á heimilinu hvíldu helstu skyldurnar á hennar herðum og þeim sinnti hún af miklu hugrekki. Þar af leiðandi gat Francis aðeins sótt skóla hluta úr vikunni og hafði engan tíma fyrir sjálfa sig.

Svona aðstæður eru því miður algengar í Callao hverfinu í Líma, höfuðborg Perú og miðar Fjölskylduefningin okkar þar einmitt að því að hjálpa svona fjölskyldum. Líður í verkefninu í Perú er fræðsla fyrir foreldra sem felst í að sýna þeim að ofbeldi er ekki eðlileg samskiptaleið milli foreldra og barna. Ofbeldi í barnauppedli er hins vegar samfélagslegt vandamál í landinu en með fræðslunni læra foreldrar að án ofbeldis verður hegðun barnanna betri og öllum líður betur.

Svo fór á endanum að Francis og yngsti bróðir hennar komust undir hatt SOS Barnaporpanna í Callao þar sem líf þeirra breyttist til hins betra. Francis var hrædd í fyrstu eftir aðskilnaðinn við foreldra sína því hún vissi ekki hvað tæki við hjá SOS. Þetta eru eðlilegar tilfinningar en fljótlega upplifði hún hvernig er að vera metin að verðleikum sínum og hún fékk loksins að gera það sem hana langaði mest til. Að læra.

Francis er í dag með næst hæstu einkunnirnar í bekknum sínum og segir öllum frá því með miklu stolti. Þrátt fyrir ýmis vandamál í kringum Francis er hún bjartsýn og með eljusemi og stuðningi SOS Barnaporpanna ætlar hún að láta alla sína drauma rætast.



ÍSLENSKIR STYRKARFORELDRAR HEIMSÆKJA SOS BARNABORP

Íslenskir SOS styrktarforeldrar eru nærri níu þúsund talsins og margir þeirra nýta sér rétt sinn til að heimsækja styrktarbarnið sitt. Óhætt er að segja að sú lífsreynsla sé ógleymanleg eins og eftirfarandi frásagnir gefa til kynna.



Sunna Dís Kristjánsdóttir frá Hafnarfirði heimsótti SOS barnaborp á indversku eyjunni Balí í september með fjölskyldu sinni. Hún segir að ferðin hafi verið ævintýri líkust og minningin um hana muni alltaf lifa með fjölskyldunni.

Sunna og fjölskylda hennar ætluðu upphaflega að heimsækja styrktarbarn sitt í barnaborp í Jakarta en því miður gat ekki orðið af ferð þeirra þangað. Því var ákveðið að heimsækja barnaborp á Balí. „Við vorum staðráðin í að gera heimsókn í SOS þorp hluta af minningum og upplifun þessarar ferðar okkar yfir hálfan hnöttinn.“

Ákvörðunina um að styrkja barn tók Sunna þegar hún átti sitt fyrsta barn. „Mér fannst óviðjafnanlegt að geta veitt barni sem býr við gjörólíkar aðstæður og tækifæri á að lifa betra lífi. Það er engu líkt að fylgjast með styrktarbarninu sínu vaxa og fá fréttir og myndir reglulega. Það gefur mér meira en orð fá lýst.“



Maður Sunnu ættleiddur frá Indónesíu Sunna á þrjú börn með manni sínum sem er ættleiddur frá Indónesíu. „Hann og börnin voru því afar spennt að kanna þennan hluta uppruna síns nánar. Við komum færandi hendi með fótbolta, foooty æfingabolta, ásamt litum, blöðum og minnisspilli. Börnin voru mjög þakklát og vildu drengirnir strax fara í fótboltaleik sem við að sjálfsgöðu tókum þátt í. Það er mér svo sérstaklega minnstætt að þegar við yfirgáfum þorpið héldu drengirnir að þeir þyrftu að skila boltunum. Svipurinn á þeim var engu líkur þegar ein SOS móðirin útskýrði að þetta væri gjöf, eign þorpsins. Það hefur aldrei verið jafn satt að sælla sé að gefa en þigga en einmitt á þessu augnabliki.“

Yfir 50 Íslendingar eru styrktarforeldrar barna í fimm SOS barnaborpum í Indónesíu.



Guðrún María Þorsteinsdóttir styrkir dreng í barnaborpinu Aboisso á Filabeinsströndinni í Afríku. Hann heitir Ezékiel og fagnaði 7 ára afmæli einmitt um það leyti sem Guðrún heimsótti hann í byrjun ágúst. Ezékiel heillaði Guðrúnu Maríu alveg upp úr skónum. „Ég hef verið styrktarforeldri hans síðan í maí 2015 og hefur það alltaf verið á dagskrá að heimsækja hann einn daginn. Þar sem ég eyddi sumrinu mínu í Afríku kom ekki annað til greina en að kíkja við í barnaborpinu hans. Þó ég hafi fengið mörg fréttabréf og þónokkrar myndir sendar heim þá jafnast ekkert á við það að hitta hann, gefa honum knús, sjá aðstæður í þorpinu, hvar hann býr og sjá hversu hamingjusamur og heilbrigður hann er. Núna er bara á dagskrá að læra frönsku, svo ég geti talað meira við hann í minni næstu heimsókn, og sagt honum hversu frábær strákur hann er og hversu stolt ég er af honum.“

Tvennt af því besta sem ég hef gert
Ég hvet alla til að gerast styrktarforeldrar - það gefur bæði manni sjálfum, og barninu svo mikið. Einnig ef styrktarforeldrar hafa áhuga og tök á því - þá mæli ég eindregið með að heimsækja barnið og barnaborp þess. Það að vera styrktarforeldri og að hafa heimsótt Ezékiel, er tvennt af því besta sem ég hef gert.“ segir Guðrún María.



ÖÐRUVÍSI JÓLADAGATAL 2018

Á aðventunni buðu SOS Barnaþorpin á Íslandi grunnskólum landsins að taka þátt í Öðruvísi jóladagatali. Er þetta í þriðja skiptið sem boðið er upp á jóladagatalið hér á landi. Í stað þess að nemendur fengju gjöf eða súkkulaði í dagatalinu er áhersla lögð á fræðslu og að gefa af sér. Á hverjum skóladegi í desember opnuðu nemendurnir glugga í dagatalinu og horfðu á stutt myndbönd um börn frá ýmsum heimshlutum. Nemendur kynnst jafnöldrum sínum sem búa við ólíkar aðstæður og jafnvel aðra menningu en á sama tíma fá þau að sjá að það er svo margt sem við eigum sameiginlegt. Í kjölfarið gátu nemendurnir svo safnað pening fyrir SOS



Barnaþorpin með því að vinna létt heimilisverk heima fyrir eða aðstoða á annan hátt og fengið fyrir það smá pening.

Í ár tóku um 2500 nemendur úr 46 grunnskólum þátt í verkefninu. Öll framlög sem safnast verða notuð til að hjálpa flóttabörnum sem koma til Grikklands að aðlagast nýjum aðstæðum. Börnin fá tækifæri til menntunar og frístundar auk annars konar stuðnings til að aðlaga þau betur að nýjum aðstæðum. Einnig fá þau máltíð á hverjum degi.



Krakkarnir í fimmta bekk í Ártúnsskóla hafa verið með í jóladagatalinu okkar frá upphafi og eru því nú með þriðja árið í röð.

SÓLBLÓMALEIKSKÓLAR

Verkefnið Sólblómaleikskólar heldur áfram að blómstra og nú um daginn bættist nýr leikskóli við Sólblómajölskylduna, leikskólinn Hof í Reykjavík. Börnin í leikskólanum tóku að sér að gerast styrktarforeldri barns í Miðbaugs-Gíneu. Á hverju ári fá Sólblómaleikskólarnir nýtt fræðslufni þar sem leikskólabörnin fá að kynnst öðrum löndum og fólki sem þar býr. Þau fá að kynnst börnum sem búa í SOS barnaþorpum eða hafa tekið þátt í öðrum verkefnum á vegum samtakanna.



Leikskólabörnin sjá að fjölskyldur og menningarheimar eru mismunandi en á sama tíma er svo margt sem við eigum sameiginlegt. Í ár höfum við verið að kynnst Kólumbíu og börnum sem þar búa. Leikskólarnir hafa margir hverjir tekið að sér að styrkja barn í SOS barnaþorpi eða heilt barnaþorp. Einnig hafa leikskólar styrkt starf SOS Barnaþorpanna með frjálsum framlögum. Öllum leikskólum stendur til boða að gerast Sólblómaleikskóli.



Við þökkum kærlega fyrir
þinn stuðning á árinu 2018

Hann gerði okkur kleift að hjálpa umkomlausum
börnum og fátækum barnafjölskyldum

Gledileg Jól
og farsælt komandi ár

SOS Barnabörpin
30 ár á Íslandi árið 2019

Fréttablaðið er fjáröflun
Reikningsnúmer fyrir frjáls framlög
0130-26-9049
Kt. 500289-2529

Einnig er hægt að styrkja með því að hringja í
907-1001 (1.000 kr) eða 907-1002 (2.000 kr)